

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15,
690 Vopnafjörður

Garðabær, 25. maí 2023
Málsnúmer: 202305-0002
SS, OKV

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar við Torfastaði.

Vísað er í tölvubréf frá Vopnafjarðarhreppi, sent gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þann 2. Maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn landeigenda og Yggdrasils Carbon um framkvæmdaleyfi til skógræktar á 164 hektara svæði á Torfastöðum í Vopnafjarðarhreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð Yggdrasils Carbon sem fylgir umsókninni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur að svæðið sem liggur norðan og vestan við þjóðveginn sé að allstórum hluta ekki ákjósanlegt svæði fyrir skógrækt. Um er að ræða vel gróið flatlendi og sá hluti þess sem ekki flokkast sem tún eru gróskumikil gras- og votlendi. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar gefur til kynna að votlendi sé þar töluvert. Miðað við úttekt sem framkvæmd var og fjallað er um í greinargerðinni, er líklega meira um graslendi en votlendi á svæðinu. Fram kemur að helstu gróðurlendi hafi verið kortlögð samkvæmt flokkunarkerfi skógræktarráðgjafans en það kort fylgir ekki með, hvorki í greinargerð né skógræktaráætlun. Náttúrufræðistofnun telur að síður eigi að beina skógrækt í gróskumikil graslendi og alls ekki votlendi. Frekar eigi að velja rýrara land ef kostur er á.

Þá er opið flatlendi einnig líklegra til að vera heppilegt búsvæði fyrir mófugla. Gögn um fuglalíf svæðisins liggja ekki fyrir en rannsóknir hér á landi hafa sýnt á sannfærandi hátt að margar mófuglategundir hörfa af búsvæðum sínum þegar trjám er plantað. Það á t.d. við um ábyrgðartegundir eins og heiðlóu, spóa, jaðrakan, lóuþræl og stelk. Mikilvægt er að standa vörð um búsvæði þessara tegunda á Íslandi. Fuglategundir sem eru líklegar til að nýta sér ræktað skóglendi sem búsvæði eru tegundir sem standa betur að vígi og sem Ísland ber minni alþjóðlega ábyrgð á s.s. skógarþröstur og hrossagaukur.

Benda má á góða umfjöllun um áhrif skógræktar og annarrar landnotkunar á þessar mófuglategundir á síðu Rannsóknarstöðvar Háskóla Ísland á Suðurlandi – <https://moi.hi.is/is>.

Skógræktaráformin suðaustan þjóðvegarins eru á rýrara landi og í meiri halla. Áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi og búsvæði fugla eru líkleg til að vera minni þar en þó alltaf einhver, og heppilegra hefði verið að gera úttekt á fuglalífi þar sömuleiðis.

Ekki er fjallað um landslagsáhrif af áformaðri skógrækt sem þekur mjög stórt svæði, og bæði svæði í halla og flatlendi. Skógræktinni fylgir og talvert rask á gróðurþekju og jarðvegi í formi haugsetningar og vélflettingar auk þess að leggja þarf vegslóðir um gróið land. Með því tapast gróið land og sömuleiðis leiðir jarðrask af sér losun á kolefni úr jarðvegi. Því má spyrja hvernig



framkvæmdin getur leitt af sér kolefnisbindingu strax við útplöntun árið 2023 eins og sýnt er fram í kolefnisbindingarspá (mynd á bls. 12).

Stefnt er að því að nota að mestu innfluttar, framandi trjategundir. Jákvætt er að notkun stafafuru sé stillt í hof en sterkar vísbendingar eru um að hún sé líkleg til að dreifa sér og geti orðið ágeng ef engar hömlur eru á þeirri dreifingu. Einnig er mikilvægt að fylgjast með sjálfsáningu annarra framandi tegunda s.s. sitkagrenis og alaskaaspar. Jákvætt er að stefnt sé að því að gróðursetja innlendar trjategundir einnig svo sem birki og reyni til að auka fjölbreytni skóglendisins. Auka mætti áherslu á þetta að mati Náttúrufræðistofnunar á kostnað innfluttra tegunda.

Fullyrt er að skógræktaráformin muni fela í sér mikinn ávinning fyrir líffræðilega fjölbreytni svæðisins þ.m.t. lífríki ferskvatns. Þetta þarf að rökstyðja betur með vísun í innlendar rannsóknir og æskilegt væri að mæla og vakta áhrif skógræktarinnar á lífríki ferskvatns sem og annarra búsvæða í nágrenninu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

